



Er um við að leita að þér?

Sunddeild Fjölnis óskar eftir þjálfurum til starfa, við metnaðarfulla deild í uppvefni, í haust þegar nýtt tímabil hefst. Æskilegt er að viðkomandi einstaklingar hafi menntun á sviði sundþjálfunar og reynslu af þjálfarastörfum. Helstu verkefni næsta tímabils er að sinna uppbyggingu deildarinnar og þróun starfsins í samráði og samstarfi við stjórn.

Leitað er eftir þjálfurum í eftirfarandi stöður:

Yfirþjálfari

Yfirþjálfari sinnir og hefur yfirumsjón með uppbyggingu deildarinnar og þjálfun allra hópa deildarinnar í samráði og samvinnu við stjórn. Hann hefur einnig yfirumsjón með skipulagi starfsins og samskiptum við foreldra.

Helstu verkefni yfirþjálfara verða að:

- marka stefnu deildarinnar í uppbyggingu hennar í þeim hverfum sem starfið fer fram í ásamt stjórn.
- skipuleggja starf deildarinnar fyrir hvert tímabil og gerir æfingaáætlun fyrir alla hópa hennar.
- sinna þjálfun ákveðinna hópa eftir samkomulagi við stjórn
- sjá um samskipti við og skipulag verkefni annarra þjálfara deildarinnar í samráði við þá, ásamt því að verkstýra þeim
- gera atburðarplan
- skipuleggja og vinna að undirbúningi og framkvæmd móta deildarinnar
- skipuleggja og sinna sumarnámskeiðum deildarinnar í samráði við stjórn
- hafa yfirumsjón með að manna þjálfun hverju sinni
- hafa yfirumsjón með skráningum iðkenda í kerfi félagsins og uppsetningu æfinga í Sideline – kerfi félagsins
- sjá um samskipti við iðkendur, foreldra og stjórn ásamt skrifstofu félagsins um allt er varðar starf deildarinnar

Almennur þjálfari og þjálfari í sundskóla

Helstu verkefni þjálfara eru að:

- vinna undir stjórn og í samvinnu við yfirþjálfara við þjálfun út frá stefnu hans og stjórnar deildar að því markmiði að auka færni og getu sundmanna og gera þá

tilbúna undir frekari þjálfun í efri hópum. Auk þess að vinna í samvinnu við aðra þjálfara deildar t.d. við tilfærslu sundmanna úr sundskóla upp í æfingahópa.

- bera ábyrgð á þjálfun samkvæmt æfingaráætlun sinna hópa og koma með hugmyndir um önnur verkefni í samvinnu við yfirþjálfara og stjórn auk viðveru á sundmótum sem sundmenn taka þátt í.
- sjá um skráningar í þau verkefni og mót sem sundmenn taka þátt í samvinnu við yfirþjálfara.
- halda mætingalista og skrá yfir þá sundmenn sem eru í hópum sem hann hefur umsjón með og aðstoðar stjórn við að hafa yfirlit yfir greiðslu æfingagjalda. Ber áyrgð á skráningu sundmanna í skráningarkerfi.
- hafa umsjón með mótun og framtíðarsýn sundskólans í samstarfi við yfirþjálfara og stjórn.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- þekking og reynsla af sundi og sundþjálfun og/eða menntun á sviði sundþjálfunar
- góðir samskipta- og skipulagshæfileikar
- færni í samskiptum
- metnaður og frumkvæði
- góð íslenskukunnátta, sérstaklega við þjálfun yngri hópa
- hreint sakavottorð
- lágmarksaldur 18 ára

Nánari upplýsingar veitir stjórn deildarinnar á netfanginu sund@fjolnir.is, hjá formanni deildarinnar Ingibjörgu Kristinsdóttur s: 8993674, eða varaformanni Þórði Áspórssyni s:7750407.

Senda skal umsóknir ásamt menntunar- og ferilskrá á netfangið sund@fjolnir.is fyrir 20. maí 2021. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.